

Hafnarfirði, 19. mars 2018
1405390 BGU

Efni: Víðistaðatún, framtíðarnotkun umsögn um hundagerði.

Á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs þann 21. febrúar 2018 var m.a. tekið fyrir erindi um hundagerði á Víðistaðatúni þar sem ráðið ítrekaði beiðni um umsögn á tillögum um staðsetningu hundagerðis á Víðastaðtúni skv. skissum Landslags. Erindið var tekið fyrir í skipulags- og byggingarráði þann 6. mars sl. þar sem umhverfis- og skipulagsþjónusta er falið að koma með umsögn um málið.

Hvað segir skipulagið?

Í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið með landnotkunarflokkinn: **“Opin svæði”** ásamt **“afþreyingar og ferðamannasvæði”** og í gildandi deiliskipulagi er svæðið skilgreint sem **“opið svæði til sérstakra nota”** þarna eru einnig að finna nokkur svæði sem hafa verið hverfisvernduð t.a.m. hraunjaðar, hlaðinn garður og annað óraskað hraun.

Ef skoðuð er skilgreining landnotkunarinnar í skipulagsreglugerð er skilgreiningin á landnotkunarflokknum:

Opin svæði (OP). Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Hvernig er þetta í öðrum sveitarfélögum?

Í samtali við nágrennasveitarfélögin Reykjavík og Mosfellsbæ varðandi málefni hundagerðis kom eftirfarandi í ljós: Um er að ræða staði þar sem hundar mega vera lausir, bæði á opnum svæðum og eins innan hundaheldra girðinga sem samþykkt hafa verið í umhverfis- og samgönguráði að undangenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Í Reykjavík eru 3 lokuð hundagerði í borginni og eru þau um 550 – 600 fm stór. Það þarf að reikna með malarundirlagi þar sem grasflöt fer í drullu. Ekki þarf deiliskipulag. Þessi svæði eru höfð á þeim svæðum sem eru almennt ekki mikið notuð af almenningi.



HAFNARFJÖRÐUR

Í Mosfellsbæ er eitt lokað hundasleppisvæði í fallegu umhverfi í Ullarnesbrekkum sem liggur ekki langt frá Vesturlandsvegi norðan við Álafossvos. Svæðið er um 1500 frm. Í samtali við umhverfisstjóra í Mosfellsbæ þann 19. mars sl. kom fram að þetta hafi gengið ágætlega, en það þarf viðhald, girðingar, hlið og tæma ruslafötur. Ekki var full sátt með hundagerðið og var ákveðið að gera könnun á heimasíðu bæjarins til þess að athuga hug manna til þessa gerðis. Ekki eru lokað gerði í Kópavogi né Garðabæ en þó eru svæði þar sem hægt er að hleypa hundum lausum.

Hvað segir samþykkt um hundahald í Hafnarfirði (Reglur um hundahald í Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi) ?

Í gildandi samþykkt um hundahald í Hafnarfirði 3 .gr. geta sveitarstjórnir láta merkja ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum innan afmarkaðs svæðis í samráði við heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis.

Hvað segir matvælastofnun (MAST) varðandi smithættu?

Í álit frá Konráð Konráðssyni dýralækni í tölvupósti dags. 22. október 2013 til Tómasar Gíslasonar umhverfisstjóra í Mosfellsbæ kemur í ljós að smitálag er líklega meira í hundagerðum en utan þeirra. Það kemur til af því að talsvert er um hundasaur á stöðum sem þessum. Heilbrigðisástand hunda á Íslandi er svipað og flestir hundar bólusettir. Að hans mati er almennt ekkert að óttast með gerði sem þessi og kostir þeirra eru margir.

Hvað segir heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna staðsetningu hundagerðis á Víðistaðatúni skv. tillögum Landslags?

Lýsa sig ánægða með tillöguna ef þau eru afgirt, merkt með ruslafötu.

Hvað segir hönnuður svæðisins Þráinn Hauksson?

Í tölvupósti frá hönnuði þann 17. maí 2017 kemur hann með tillögur að tveimur stöðum sem kæmu til greina, það er svæðið á milli stígs og hrauns við skólagarðana og eins á trjágeymslusvæði garðyrkjustjóra.

Hvað segir aðstoðarskólastjóri Víðistaðaskóla Anna Kristín Jóhannesdóttir varðandi tillögu Þráins.

„Mér líst ekkert á þetta. Víðistaðaskóli er með útikennslu á stundaskrá og notum við svæðið við skólann mikið á þá kennslu og svo aðra. Ef við eigum að geta nota þetta svæði passar ekki að vera með sleppisvæði fyrir hunda, börnin geta orðið hrædd við hundana og svo óþrifnaður sem verður aldrei komist hjá.“

Hver er notkun svæðisins í dag?

Það þarf að huga að ýmsum málum er varða aðra notkun svæðisins.

Þarna er kirkja, börn í skólagörðum, ferðamenn í tjöldum og tjaldhýsum, þarna er fólk að grilla og börn að leik bæði í leiktækjum sem og á fótboltavelli.



HAFNARFJÖRÐUR

Skátafélagið Hraunbúar eru á svæðinu sem og skólabörn frá Víðistaðaskóla, ásamt fólki sem spilar tennis á tennisvelli og þarna er strandblakvöllur.

Víðistaðatún hefur margþætt notagildi enda er það hannað með það í huga.

Niðurstaða

Ekki er þörf á að gera breytingu á deiliskipulagi svæðisins, það má túlka sem svo að svæði fyrir útivist geti hentað fyrir hundagerði. Ef við horfum til reynslu þeirra í Reykjavík og Mosfellsbæ má búast við að íbúar séu ekki um eitt sáttir við þessi gerði og eru þau í báðum tilfellum á jaðarsvæðum.

Ekki þarf að hræðast smithættu. Í þeim tillögum sem Þráinn Haukson hefur kynnt má nefna að nýr hreystivöllur á að rísa á því svæði sem hann tilnefnir og þarna er fótboltavöllur sem notaður er mikið af nemendum Víðistaðaskóla. Í samtali við aðstoðarskólustjóra Víðistaðaskóla er völlurinn mikið notaður og leggst hann gegn því að þarna verði sett upp hundagerði.

Í samtali við garðyrkjustjóra líst honum illa á hugmyndina að taka gróðurgeymslusvæði undir hundagerði þar sem hann telur sig þurfa nota þetta svæði fyrir starfsemina.

Eftir að hafa farið í gegnum nokkur sjónarhorn málsins má velta þeirri spurningu fyrir sér hvort heppilegt sé að staðsetja hundagerði á svo fjölmennu svæði þar sem önnur svæði í bænum eru minna notuð með færri fólki.

Ég legg til í stað þess að einblína á þennan stað megi koma gerðinu fyrir á Óla Run túni, Hörðuvöllum eða í Engidal.